

2. kafli

Jafnrétti kynja

JÁ NEI

Nokkrar spurningar:

1. Eru álíka margar konur og karlar í ríkisstjórn og í stöðu ráðherra í þínu landi?
2. Hafa strákar og stelpur jafnan rétt á skólagöngu í landinu?
3. Hafa mæður og feður rétt á jafn löngu fæðingarorlofi í landinu?
4. Taka foreldrar þínir/forsjáraðilar jafnan þátt í heimilisstörfum, skutli og skipulagi?
5. Er talað jafn mikið um og við karla og konur í fjölmiðlum í t.d. viðskiptum og íþróttum?
6. _____
7. _____
8. _____

Þú – Hvað getur þú gert?

- Verið móttækileg/ur fyrir því að hlusta á reynslusögur fólks um jafnréttismál
- Miðlað þinni reynslu um jafnrétti áleiðis og látið vita ef þér finnst vera brotið á þér
- Kynnt þér og frætt fólk í kringum þig um jafnréttismál

Skólinn – Hvað getur skólinn gert?

- Boðið nemendum upp á hágæða kynjafræðslu og kynfræðslu
- Gætt þess að bæði konur og karlar séu við völd í skólanum
- Gert öllum nemendum ljóst hvar og hvernig þau geta tilkynnt brot á réttindum

Stjórnvöld – Hvað geta stjórnvöld gert?

- Skyldað fyrirtæki til þess að taka upp jafnlaunavottun svo að konur og karlar fái jafn mikið borgað fyrir þau störf sem þau sinna
- Aðlagað lög in í landinu þannig að þau styðji við jafnrétti kynja
- Borgað starfsfólki sínu sanngjörn laun fyrir þá vinnu sem þau stunda og hækkað laun fólks í umönnunarstörfum